ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR



STAÐLAÐAR BENDINGAR

LYFTA
Uppréttur handleggur og vísifingur upp. Hringhreyfing með hendinni.

SLAKA
Handleggur niður á við, vísifingur niður. Hringhreyfing með hendinni.

STYTTA BÓMU
Hliðarhreyfing inn á við, þumalfingur inn á við.

LENGJA BÓMU
Hliðarhreyfing út á við, þumalfingur út á við.

HÆKKA BÓMU
Útréttur handleggur, þumalfingur upp á við.

LÆKKA BÓMU
Útréttur handleggur, þumalfingur niður á við.

TIL VINSTRI
Hægri handleggur útréttur, hönd opin.

TIL HÆGRI
Vinstri handleggur útréttur, hönd opin.

Þurfi hraðari lyftingu, slökun eða hliðarfærslu er það sýnt með hraðari handahreyfingum.

MERKI EKKI SKILIÐ
Hliðarhreyfing með handlegg.

STANS
Útréttum handlegg sveiflað fram og til hliðar.

NEYÐARSTOPP
Báðum handleggjum slegið út á við.

Sækið námskeið í hífingum.

Heimildir við samantekt efnis eru einkum frá rannsóknarnefnd sjóslysa, Vinnueftirliti ríkisins og Hampiðjunni hf.

Teikningar: Jóhann Jónsson

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum
www.sigling.is/oryggismal

ODDI HF 16927

Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Unnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda.
September 2002

SLYS VIÐ HÍFINGAR

Slys sem verða við hífingar eru oftast mjög alvarleg.

Algeng orsök slysa er:

- augnabliks aðgæsluleysi eða fljótfærni
- óljósar eða misskildar skipanir eða bendingar
- persónuhlífar ekki notaðar
- bilun í búnaði

HÆTTUR

Við hífingar leynast margar hættur. Sem dæmi um þær helstu má nefna:

- Stjórnandi hífibúnaðar fær rangar eða óljósar skipanir eða bendingar
- Tekið er í ranga stjórnarma
- Sláttur á hlassi
- Sláttur á hífibúnaði
- Hlass fellur niður
- Slæmur frágangur á stroffum og hanafótum
- Híft með biluðum búnaði
- Viðhald á búnaði er ófullnægjandi

Sýnum fyrirhyggju og sérstaka aðgæslu þar sem hífingar fara fram!

FORVARNIR

Margt er hægt að gera til að tryggja betur öryggi við hífingar, t.d. að:

- sýna ávallt sérstaka aðgæslu við hífingar
- nota persónuhlífar, s.s. öryggishjálma
- nota staðlaðar bendingar og skipanir
- eingöngu þjálfaðir menn vinni við stjórnun hífibúnaðar
- viðhalda merkingum stjórnbúnaðar
- stuðla að því að vel sjáist frá stjórntækjum yfir vinnusvæði
  - eftirlitsmyndavélar geta bætt yfirsýn
  - fjarskiptabúnaður bætir samskipti milli vinnusvæða
- hafa reglubundið eftirlit og viðhald á hífibúnaði, þ.m.t. ástandi stroffa, víra, króka, lása, blakka og hemla
- standa ekki í átaks-/skotlínu víra sem átak er á
- vera í öruggri fjarlægð frá hlassi
- ganga alltaf þannig frá hlassi að það haldist í jafnvægi meðan híft er
- forðast að handleika víra og búnað sem er á hreyfingu



STYRKLEIKI BÚNAÐAR

Þegar keyptir eru hlutir í veiðarfæri eða hífibúnað, s.s. vírar, tóg, keðjur, blakkir, lásar og krókar, skal í öllum tilvikum fara fram á upplýsingar um styrkleika búnaðar. Brotþol efnis og öruggt vinnuálag (S.W.L.) skal vera þekkt og ætti ávallt að fá vottorð framleiðanda með hlutunum.

Álag á efni á aldrei að vera meira en sem nemur öruggu vinnuálagi. Fari álag umfram öruggt vinnuálag styttist endingartími búnaðar margfalt.

Notum eingöngu öruggan hífibúnað!

SKIPTUM UM ÓTRAUSTA HLUTI

Nauðsynlegt er að hafa reglubundið eftirlit með öllum hífibúnaði og skipta strax út ótraustum hlutum. Kynnið ykkur hvernig á að meta ástand hífibúnaðar.

Skipta skal um stálvír t.d. þegar:

- þvermál vírs hefur einhvers staðar minnkað um 10% vegna slits
- þvermál þráðar hefur slitnað niður í 1/3 af upphaflegu þvermáli
- brotnir þræðir eru einhvers staðar fleiri en 10 á lengd sem er jöfn stigningu vírs
- hert hefur verið að snurðu sem komið hefur á vírinn
- vírinn er orðinn flatur eða kantaður þrátt fyrir að ekki sé um þráðabrot að ræða
- margir þræðir í sama þætti eru aflagaðir
- einn þáttur hefur losnað út úr vírnum og slaki er á honum
- vírinn er hlykkjóttur þegar ekki er átak á honum
- vírinn er skemmdur af ryði þótt þræðir séu ekki brotnir

Tóg skal dæma ónothæft t.d. þegar:

- tógið hefur skaðast (skorist) á skörpum brúnum
- garnið í einum þætti er slitið
- þáttur hefur losnað og teygst þannig að hann fellur ekki þétt að öðrum þáttum
- tógið er farið að þorna eða molna
- tógið er með bruna- eða ætingarblettum eða hefur hitnað mikið
- tógið hefur teygst og auðsjáanlega grennst

Viðhöldum góðu ástandi hífibúnaðar!